

Fundur 23.9.2024 Tanya Roberts kvikmyndaleikkona.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Þakka ég fyrir mig, gaman að komast aftur í sambandið, mér fannst svo gott að komast í sambandið við ykkur aftur, og mér fannst eins og svo mörgu væri ólokið á jörðinni og stöðug undrunarefnin.

Hér hef ég fengið enn meiri orku og hef fengið að fullu lækningu og mitt fyrra útlit og mér líður svo vel að því verður ekki lýst og hér hef ég aftur að starfa við, afsakið, það er einhver truflun á sambandinu, hér hef ég aftur byrjað að starfa við atvinnu mína.

Fjölmennt þjóðfélag hér, hef frá mörgu að segja, ég, það var aðeins eitt sem mig langaði að segja, sem brennur mér á hjarta, að koma til skila.

Að farsótt sú sem herjaði þegar ég dó, hún flýtti fyrir andláti mínu, var mér sagt, að ég hefði orðið miklu eldri ef Covid hefði ekki komið.

En nú hef ég fullan styrk að nýju, en ég sakna fólksins, sakna ykkar fólksins á jörðinni og það er svo skrítið að ættingjar og vinir sem voru löngu farnir, skuli vera mér nánari núna, heldur en það fólk sem ég hafði bundist mestum tilfinninga böndum og eru meðal ykkar, en það líður hjá og ég læri að gleyma fólkinu á jörðinni ykkar, gömlu jörðinni og tengjast þessu fólki betur.

En mér er sagt að þetta séu tilfinningar sem allir gangi í gegnum sem koma á þessa jörð í framlíf og það lendi allir í því mis mikið.

Eitt af því sem ég þurfti að læra á þessari jörð er að skilja að og í sundur mína persónulegu upplifun og fjölskyldu og nána vini og opinbera persónu sem ég var í jarðlífinu ykkar og það sem að ganga til sálfræðinga hér á þessum hnetti til að ná mér að fullu og fá hér betri tök á sjálfri mér.

Veit ekki hvort ég get útskýrt það fyrir ykkur, en hvort sem við erum fræg eða ekki, þurfum við að takast á við okkur sjálf og finna okkur sjálf og endurskoða heimsmynd okkar í ljósi þessara miklu upplýsinga sem berast um þetta nýja jarðlíf sem við fáum og þennan nýja líkama, er svo óendanlega þakklát og glöð fyrir.

En það er margt sem ég get ekki sagt hér í kvöld, en mér finnst það mikilvægt að tala í gegnum ykkar fund, sem er eini fundurinn á gömlu jörðinni þar sem fólk heldur ekki að við séum andar.

Verð ég nú að kveðja, var ég fræg kvikmyndaleikkona á jörðinni Tanya Roberts.

Verið þið sæl, þakka ég kærlega fyrir, vona að ég komist seinna.

*Vertu sæl og þakka þér fyrir komuna, blessuð.*